

Miðvikudaginn 16. apríl 1980.

Nr. 82/1978 Stálvinnslan h/f

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Andrésí Haraldssyni

(Sigurður Baldursson hrl.).

Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 24. apríl 1978. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fallist verður á það með héraðsdómara, að áfrýjanda beri að greiða stefnda fyrir vinnu 14.—21. júlí 1975.

Samkvæmt gögnum málsins fékk stefndi kaup fyrir meira en 150 klukkustundir síðasta mánuðinn fyrir 21. júlí 1975. Þegar þess er gætt og þess, sem fram kemur í lokakafila héraðsdóms um vinnu hans að öðru leyti hjá áfrýjanda, ber að fallast á það með héraðsdómara, að skv. 1. gr. laga nr. 16/1958 hafi stefnda borið mánaðaruppsagnarfrestur frá störfum.

Í máli þessu er ekki tölulegur ágreiningur. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Stálvinnslan h/f, greiði stefnda, Andrésí Haraldssyni, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. janúar 1978.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 12. janúar sl., höfðaði Sigurður Baldursson hæstaréttarlögmaður, Laugavegi 18, Reykjavík, f. h. Andrésar Haraldssonar, Borgarholtsbraut 33, Kópavogi, fyrir borgardómi Reykjavíkur gegn Stálvinnslnni h/f, Reykjavík, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 93.679 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. september 1975 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu að mati réttarins.

Við munnlegan málflutning gerði stefnandi þær dómkröfur, að stefndi yrði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 90.211 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. september 1975 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu að mati réttarins.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Við munnlegan málflutning gerði stefndi þá varakröfu, að stefnukrafa yrði lækkuð og málskostnaður felldur niður.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

II.

Stefnandi staðfesti fyrir dómi aðiljaskýrslu sína á dskj. nr. 4. Þar kemur fram, að stefnandi hafi ráðist fastur starfsmaður til stefnda í mars eða apríl 1974 og þar hafi stefnandi unnið samfleytt til og með 21. júlí 1975. Kaup stefnanda hafi í júlí 1975 verið komið upp í kr. 433.50 á klukkutíma og hafi orlof verið innifalið í þeirri tölu. Eftirvinna hafi verið greidd með 40% álagi á dagvinnu, þannig að eftirvinnukaup hafi verið kr. 607.00 á klukkustund.

Fram kom hjá stefnanda, að komið hefði fyrir, að verkefnalítið hafi verið hjá stefnda og hafi stefnandi þá ekki séð ástæðu til þess að vera þar, en sagði sig aldrei hafa vantað nema með fullu samþykki Haralds. Þetta hafi verið vegna verkefnaleysis hjá stefnda. Stefnandi tók fram, að eftirvinnu hafi hann unnið mjög litla, vegna þess að það hafi lengi vel ekki verið verkefni handa mönnum að vinna og þessir tveir menn, sem sögðu upp á árinu, hafi báðir hætt vegna þess, að eftirvinnan var tekin af þeim.

Stefnandi hafi ekki haft hugmynd um það, að hætta ætti starf-

semi stefnda eða loka. Haraldur Haraldsson, sem var einn aðal-eigandi fyrirtækisins, hafi ekki heldur haft hugmynd um þetta. Framkvæmdastjóri stefnda, Þráinn Sigtryggsson, hafi aldrei minnst á niðurfellingu reksturs stefnda við stefnanda, en einu sinni hafi hann sagt, að því er stefnanda virtist í glensi, að þeir ættu bara að fara í sumarfrí. Stefnandi kvaðst hafa sagt, að það kæmi ekki til greina, maður þyrfti undirbúning til þess, og kvaðst stefnandi hafa sagst vilja hafa samráð við frúna. Ekki hafi verið minnst á þetta meir. Meiri part tímabilsins 12. til 21. júlí hafi stefnandi beðið á vinnustað, því enginn hafi vitað neitt. Þá er Þráinn mætti ekki til vinnu, hafi stefnandi haft samband við Harald Haraldsson og hafi hann ekki vitað neitt. Haraldur hafi beðið stefnanda að vera á vinnustaðnum, þar til málin skýrðust, eftir að Þráinn fór til sjós. Stefnandi kvaðst hafa hætt strax og Þorsteinn Hörður Björnsson, þ. e. stjórnarformaður stefnda, sagði honum upp starfi. Þorsteinn hafi sagt við stefnanda, að hann vissi ekki betur en búið væri að stoppa allan rekstur, öðruvísi hafi hann ekki sagt sér upp. Þetta hafi stefnandi tekið sem uppsögn, þar sem Þorsteinn hafi sagt, að þarna ætti enginn að vera. Er stefnandi kom síðar fyrir dóm, þá bar hann, að sér hefði aldrei verið sagt upp.

Fram kom hjá stefnanda, að hann muni hafa keypt húsnæði að Hringbraut 107 á árinu 1973, að því er hann hélt, og frá þeim tíma hafi hann gripið þar í verk af og til. Stefnandi kvaðst vinna við bifvélavirkjun hjá sjálfum sér, og sagði stefnandi í júní 1977, að hann væri að byrja rekstur í húsnæði því, sem stefndi var í að Súðarvogi 44-56. Eftir að stefnandi hætti störfum fyrir stefnda, kvaðst stefnandi hafa unnið hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og að hluta í bílaviðgerðum að Hringbraut 107. Vinnan hjá rannsóknastofnuninni sé ekki föst vinna, heldur viðhald á vélum og nýsmíði.

Fram kom hjá Þráni Sigtryggssyni, sem er einn af hluthöfum í stefnda, að hann hafi verið verkstjóri hjá stefnda frá enduðum febrúar 1975, en þá hafi Haraldur Haraldsson, einn af aðal-eigendum fyrirtækisins og verkstjóri þess, forfallast. Þráinn sagði, að eftir að Haraldur forfallaðist, þá hefði hann sjálfur verið einn eftir í fyrirtækinu með stefnanda. Stefnandi hafi verið ráðinn upp á þau kjör, að hann fengi ekki greidda veikindadaga. Meira hafi verið um veikindaforföll hjá stefnanda en öðrum starfsmönnum fyrirtækisins. Þann hluta úr árinu 1975, sem Þráinn var þarna einsamall, hafi verið dálítið um það, að stefnandi

fengi frí frá störfum. Stefnandi hafi verið að undirbúa sig undir það að vera með eigin atvinnurekstur. Ekki hafi það verið stefnda til óþæginda, hve oft stefnandi fékk frí. Lítið hafi verið um verkefni hjá stefnda, sem stefnandi hafi getað annast. Aldrei hafi verið ákveðið, að fyrirtækið Stálvinnslan h/f hætti störfum. Margtalað hafi verið um það á milli stefndana og Þráins, að fyrirtækinu mundi verða lokað, allavega farið í sumarfrí og einhver endurskipulagning mundi fara fram á þessu. Aðaleigandi fyrirtækisins hafi verið heilsulaus og ekkert hafi legið fyrir um það, hvað yrði, hvort það yrði að loka fyrirtækinu eða hvort ráðnir yrðu aðrir menn fyrir þennan eiganda, sem var sjúklingur. Stefnandi hafi vitað, að Þráinn hafi ætlað sér að hafa fyrirtækið lokað einhvern óákveðinn tíma og það, sem stefnandi hafi rætt við Þráin í sambandi við þetta, hafi það verið alveg sjálfsagt vegna þess, að stefnandi væri ekkert á flæðiskeri staddur, hann gæti bara dundað í þeirri vinnu, sem hann var að búa sig undir. Aldrei hafi verið tilgreindur ákveðinn dagur, sem fyrirtækinu skyldi lokað vegna sumarfría, heldur hafi aðeins verið talað um, að þetta mundi þá og þegar detta yfir. Þetta hafi stefnandi samþykkt. Stefnandi hafi fengið að vita, hvenær hann átti að hætta með stuttum fyrirvara. Það hafi borið þannig til, að Þráinn hafi verið búinn að segja stefnanda, að hann yrði að fara í einhverja aðra vinnu, þar sem hann fengi kaup sitt greitt, því þótt Þráinn greiddi stefnanda kaup, þá kvaðst Þráinn ekkert kaup hafa sjálfur fengið frá áramótum og fram til 12. júlí og þegar Þráni bauðst að fara til sjós sem 1. vélstjóri á togara uppi á Akranesi, þá kvaðst hann ekki hafa haft nema nokkra klukkustunda fyrirvara. Þráinn kvaðst hafa sagt stefnanda á föstudegi, að hann væri að fara út á sjó og fyrirtækinu yrði lokað frá og með þeim degi. Um kvöldið hafi stefnandi komið í smiðjuna til þess að fá kaup sitt greitt og hafi það verið samkomulag þeirra, þar sem stefnandi hafi haft mikið að gera og ekki getað verið í smiðjunni á föstudeginum. Stefnandi hafi vitað, að hann átti ekki að mæta til vinnu á mánudegi. Þá er Þráinn var fyrir dómi, var honum sýndur launamiði árið 1976, sem sýndi, að stefnandi hefði unnið 28 vikur á árinu 1975. Þráinn kvaðst hafa gefið þennan launaseðil út og taldi vikufjöldann réttan. Þráinn taldi ekki ástæðu til að ætla annað en launaseðill, gefinn út í janúar 1975, þar sem sjaist, að stefnandi hafi unnið 36 vikur árið 1974, væri réttur.

Haraldur Haraldsson, fyrrverandi hluthafi í stefnda, var yfirheyrður hér fyrir dómi vegna máls þessa. Fram kom hjá Haraldi,

að hann hefði ekki ráðið stefnanda til starfa fyrir stefnda og jafnframt að honum væri ókunnugt um, upp á hvaða kjör stefnandi var ráðinn. Haraldur kvaðst hafa verið því hlynntur, að stefnandi var ráðinn, en það hafi verið Þráinn Sigtryggsson, sem stakk upp á því. Haraldur kvaðst hafa hætt verkstjórástörfum hjá stefnda fljótlega upp úr áramótunum 1974—1975. Haraldur kvaðst ekki vita, hvenær ákveðið var að segja stefnanda upp störfum. Ekki hafi verið borið undir Harald, hvenær loka skyldi fyrirtækinu. Haraldur sagði, að það hlyti að vera, að Þráinn hafi látið sig vita, þegar hann fór út á sjó, en Haraldur kvaðst ekki hafa verið viss um það, að fyrirtækið ætti að vera lokað. Haraldur kvaðst muna eftir, að stefnandi hefði hringt í sig út af beltum, sem áttu að fara til Kanada, og hafi þeir hjálpast að að pakka þessu inn, og kvaðst Haraldur hafa beðið stefnanda um að reyna að fá Þorstein Björnsson til þess að reyna að koma þessu í toll. Fram kom hjá Harald, að stefnandi hefði ekkert rætt við hann um það, hvort fyrirtækið ætti að vera lokað. Haraldur minntist þess ekki, að talað hefði verið við sig um að segja stefnanda upp og ekki heldur um það, að fyrirtækinu yrði lokað.

Þorsteinn Hörður Björnsson, stjórnarformaður stefnda, var yfirheyrður fyrir dómi vegna þessa máls. Þorsteinn sagði, að stefnandi hefði verið ráðinn til fyrirtækisins á vegum Haralds. Ákveðið hafi verið að loka fyrirtækinu, á meðan Þráinn færi til sjós, og hafi átt að loka, þegar Þráinn væri tilbúinn að fara á sjóinn. Þorsteinn reiknaði með því, að stefnandi hefði verið tilkynnt þessi ákvörðun, en sagði, að sér væri ekki kunnugt um annað en sér væri sagt. En sér hafi verið sagt, að stefnandi og Þráinn hefðu komið sér saman um það, að stefnandi færi í frí um leið og Þráinn. Aðspurður kvaðst Þorsteinn reikna með því, að lokunin hefði átt að vera eins og sumarfrí. Þorsteinn kvaðst ekkert samband hafa haft við stefnanda, fyrr en hann kom þarna inn eftir, eftir að Þráinn var farinn á sjóinn. Þorsteinn kvaðst hafa sótt vörur í pakkhús og pakkað niður, að vísu hafi þeir stefnandi og Haraldur gripið eitthvað inn í. Stefnandi hafi talað við sig um fyrirtækið og talað um, að stefnandi væri eiginlega að gera það fyrir fyrirtækið að halda því opnu, á meðan Þráinn væri í burtu, en hafi sagst geta haft það mikið betra í sínum skúr. Þorsteinn hafi spurt hann að því, hvort Þráinn hefði ekki gengið frá því, að þessu yrði lokað, á meðan hann var í burtu. Stefnandi hafi sagt, að Þráinn hafi farið án þess að geta þess, hann hafi horfið. Þorsteinn hafi spurt stefnanda að því, hvort það væri ekki hagur

beggja að loka þessu, á meðan Þráinn væri í burtu, og hafi stefnandi tekið því alveg sem sjálfsögðum hlut, en sagst vera með bílinn sinn inni og þyrfti að hafa hann þarna einhvern tíma, og sagðist Þorsteinn hafa sagt, að það væri allt í lagi. Aðspurður sagði Þorsteinn, að það gæti passað, að það hafi verið 21. júlí sem hann ræddi við stefnanda um, að hann felldi niður störf fyrir stefnanda.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefnandi hafi ráðist fastur starfsmaður til stefnda, sem hafi rekið verkstæði að Súðarvogi 44 hér í borg, í mars eða apríl 1974. Kaup hans í júlí 1976 (mun eiga að vera í júlí 1975) hafi verið komið upp í kr. 433.50 á klst. Eftirvinna hafi verið greidd með 40% álagi og hafi verið kr. 607.00 á klst. Tímafjöldi sé byggður á dagbók, sem stefnandi hafi haldið, og þar komi fram, fyrir hverja var unnið dag hvern. Með því að stefnandi hafi verið fastur starfsmaður stefnda meira en eitt ár, er honum var sagt upp starfi fyrirvaralaust hinn 21. júlí sl. (mun eiga vera 21. júlí 1975), eigi hann rétt á eins mánaðar uppsagnarfresti, þar eð ástæða til uppsagnarinnar hafi verið sú, að ákveðið hafi verið að hætta rekstri fyrirtækisins. Réttur til uppsagnarfrests sé byggður á ákvæðum 1. gr. laga nr. 16 frá 1958 um rétt verkafólks til uppsagnar frá störfum, enda hafi stefnandi ekki fengið aðra vinnu, meðan uppsagnarfresturinn var að líða. Kaup það, sem stefnandi fari fram á, sé hið sama og hann hafi fengið greitt síðast, þegar hann tók við kaupi.

Mál út af hinni umdeildu kröfu hafi verið höfðað með stefnu, útgefinni 3. desember 1975, og þingfest hér fyrir dómi 9. s. m. Vegna formgalla hafi málið verið hafið hinn 29. september 1976 og ný stefna gefin út samtímis.

Við munnlegan málflutning var fallið frá kröfu um laun fyrir 11. júlí 1975, en eins og fram komi á dskj. nr. 6, þá hafi þau laun verið greidd.

Fram sé komið, að stefnandi hafi unnið fyrir stefnda 36 vikur á árinu 1974 og 28 vikur á árinu 1975, með því sé fullnægt skilröðum 1. gr. laga nr. 16/1958.

Sýknukrafa stefnda er rökstudd með eftirfarandi:

1. Stefnandi hafi verið ráðinn til starfa með sérstökum starfskjörum, svo sem í sambandi við greiðslu í fjarvistum. Stefndi hafi undanskilið sig greiðslu launa í fjarvistum, þar sem talið var af hálfu stefnda, að stefnandi væri óreglusamur. Hafi því almennar reglur ekki gilt um starfskjör stefnanda hjá stefnda.

2. Hinn 23. júní 1975 hafi orðið samkomulag milli stefnda og stefnanda um, að stefnandi hætti störfum frá og með 12. júlí 1975, enda hafi stefnandi þá sjálfur verið byrjaður eigin atvinnurekstur. Hafi stefnandi einkum af þeim sökum fengið fri í 65 klst. frá vinnu frá 1. maí 1975 til 11. júlí 1975. Ef stefndi hefði vitað um ágreining um uppsögn hinn 23. júní 1975, hefði stefnandi ekki getað mótmælt því, að hann byrjaði að taka sumarfrí frá og með 12. júlí 1975, ef stefndi hefði óskað þess, sem hann hefði gert.

3. Því er mótmælt, að ákvæði laga nr. 16 frá 1958, 1. gr., eigi við um lögskipti aðilja þessa máls að því er varðar uppsagnarfrest, þar sem gert sé ráð fyrir, að launþeginn hafi unnið 1800 stundir hjá vinnukaupanda síðasta árið, sem hann starfar. Af hálfu stefnda sé talið, að stefnandi hafi ekki unnið fullar 1800 stundir hjá stefnda frá 12. júlí 1974 til og með 11. júlí 1975. Þá er einnig talið, að stefnandi hafi ekki unnið nema 145.5 klst. frá 12. júní 1975 til og með 11. júlí 1975. Stefnandi hafi að vísu fengið greiddar 153.5 klst. vegna greiðslu fyrir 17. júní 1975. Sé því ljóst, að ákvæði laga nr. 16 frá 1958, 1. gr., eigi hér ekki við.

Í því tilviki, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda laun vegna meintrar vinnu hans eða laun á uppsagnarfresti, er þess krafist, að til skuldajafnaðar á móti þeirri kröfu komi reikningur lögmanns stefnda til stefnda, dags. 11. nóvember 1976, að fjárhæð kr. 18.667.00 vegna lögmannsstarfa fyrir varnaraðilja að bæjarþingsmálinu nr. 7528/1975, sem hafi verið milli sömu aðilja út af sömu tilvikum. Það mál hafi lögmaður stefnanda viljað hefja, lögmaður stefnda hafi fallist á það með þeim áskilnaði, að hann gæti gert kröfu síðar út af málskostnaði, ef til málshöfðunar kæmi út af sömu tilvikum. Sé ljóst, að stefnandi hafi borið alla ábyrgð á höfðun og hafningu bæjarþingsmáls nr. 7528/1975 og því tjóni og kostnaði, sem hann kunni að valda öðrum við slíkri tilefnislausri málshöfðun, sem svo hafi reynst vera að hans mati. Beri honum, sé önnur skilyrði til staðar, sem talið sé af hálfu stefnda, að greiða eðlilegan kostnað af slíkri tilefnislausri málshöfðun, sem reikningur sé gerður fyrir, sbr. dskj. nr. 11. Sé því gerð skuldajafnarðarkrafa í málinu að fjárhæð kr. 18.667.00.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram, að 1. gr. laga nr. 16 frá 1958 ætti ekki við um mál þetta, m. a. vegna þess að stefnandi hafi ekki unnið nema 45 klst. síðasta mánuðinn, sbr. dskj. nr. 12, sem sýni fjarvistir stefnanda. Krafa um kr. 69.793.00 á uppsagnarfresti sé ekki réttmæt, þar sem vinnusamband aðilja

hafi ekki verið venjulegt vinnusamband í skilningi laga nr. 16 frá 1958. Stefnanda hafi aldrei verið sagt upp, það hafi hann sjálfur viðurkennt. Uppsögn hafi ekki verið í samræmi laga nr. 16 frá 1958, þ. e. skrifleg og miðuð við mánaðamót. Af því, sem hér hefur verið rakið, eigi ekki að greiða stefnanda laun á uppsagnarfresti. Kröfu um laun fyrir tímabilið 12. júlí til 21. s. m. er mótmælt, þar sem stefnandi hafi ekki unnið fyrir stefnda á tímabilinu, a. m. k. hafi sú vinna ekki nýst stefnda.

IV.

Álit dómsins.

Viðurkennt er af hálfu stefnda, að stefnandi hafi hafið störf fyrir stefnda í apríl 1974. Það þykir fram komið, að stefnandi hafi verið á vinnustað stefnda fram til 21. júlí 1975. Gegn fullyrðingum stefnanda er ósannað, að stefnanda hafi verið tilkynnt, að hann ætti ekki að mæta til vinnu 14. júlí 1975, og ber því að taka til greina kröfu stefnanda um laun fyrir þann tíma, sem hann var á vinnustað, þ. e. fyrir tímabilið 14. júlí 1975 til 21. s. m.

Viðurkennt er af stefnda, að stefnandi hafi unnið hjá stefnda samfleytt í 64 vikur, og fer því um kjör stefnanda skv. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 16 frá 1958, enda hefur stefndi ekki sannað, að stefnandi hafi unnið skemur en 1800 klukkustundir á síðustu 12 mánuðum starfstíma stefnanda hjá stefnda. Þeirri varnarástæðu stefnda, að stefnanda hafi aldrei verið sagt upp, var ekki hreyft fyrr en við munnlegan málflutning. Telja verður, að stefnanda hafi verið rétt að skilja ræðu stjórnarformanns stefnda sem uppsögn, enda er ekkert fram komið um, að stefnanda hafi verið tilkynnt, hvenær rekstur fyrirtækis stefnda skyldi hefjast að nýju, eða honum boðið starf. Þessi skilningur styðst og við fullyrðingar í greinargerð stefnda, að 23. júní 1975 hafi orðið samkomulag á milli stefnanda og stefnda um, að stefnandi hætti störfum frá og með 12. júlí 1975. Ekki verður á þá skoðun stefnda fallist, að það, að uppsögn stefnda til stefnanda hafi ekki verið í samræmi við 4. mgr. 1. gr. laga nr. 16 frá 1958, leysi stefnda undan skyldu til greiðslu launa á uppsagnarfresti. Ber því að taka kröfu stefnanda um laun á uppsagnarfresti í 1 mánuð til greina.

Niðurstaða málsins verður því sú, að kröfur stefnanda verða teknar til greina, enda hafa þær ekki verið tölulega vefngar. Vextir ákveðast 13% ársvextir.

Þegar litið er til höfðunar málsins nr. 7528/1975, þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn kr. 45.000.

Dóminn kvað upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Stálvinnslan h/f, greiði stefnanda, Andrési Haraldssyni, kr. 90.211 með 13% ársvöxtum frá 1. sept. 1975 til greiðsludags og kr. 45.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 17. apríl 1980.

Nr. 176/1979. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson,
settur vararíkissaksóknari).

gegn

Una Þóri Péturssyni

(Örn Clausen hrl.).

Fiskveiðibrot. Lögskráning sjómanna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Magnús P. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal greinargerð Jónasar Sigurðssonar, skólastjóra Stýri-mannaskólans í Reykjavík, dags. 24. janúar sl., svohljóðandi:

„Samkvæmt beiðni yðar, herra ríkissaksóknari, hef ég yfir-farið málsskjöl og útsetningu landhelgisgæslumanna í saka-dómsmálinu nr. 164/11978: Ákærvaldið gegn Una Þóri Pét-urssyni, skipstjóra á m/b Faldi, VE 138. Ennfremur hef ég sett út uppgefna stefnu skipstjórans á siglingaleið út fyrir 12 sjómílna fiskveiðimörkin í umrætt skipti og siglingu til baka að netasvæðinu á Skagafirði samkv. framburði skip-